



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 52. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

### 16. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 5. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram. Í upphafi fundar gerði oddviti grein fyrir því að fulltrúar í Samráðsnefnd um málefni aldraðra myndu eiga fund með sveitarstjórn að loknum hefðbundnum fundi í dag. Þær umræður sem þar munu eiga sér stað verða bókaðar í sérstakri fundargerð sem lögð verður fram til kynningar og afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar.

Hér var gengið til dagskrár:

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

##### **1. Ungmennaráð: Fundargerð 5. fundar frá 14. ágúst 2024.**

Lögð fram fundargerð 5. fundar Ungmennaráðs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar en beiðni um fjárstyrk sem fram kemur í fundargerðinni hefur verið dregin til baka þar sem ekki mun verða af viðburðinum sem þar er lýst.*

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

##### **2. Fundargerð 285. fundar skipulagsnefndar frá 14. ágúst 2024.**

Lögð fram fundargerð 285. fundar skipulagsnefndar frá 14. ágúst 2024.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

##### **Mál nr. 21. Miðfell 5 lóð; Miðfell 5: Staðfesting á afmörkun lóðar.**

Lögð er fram undirrituð merkjalýsing sem tekur til skilgreiningar á afmörkun lóðarinnar Miðfell 5 lóð L188189 úr landi Miðfells 5 L166809. Lóðin er skráð 5.000 fm í fasteignaskrá sem var gróflega áætluð stærð þegar hún var undanskilin jörðinni, þar sem afmörkun lá ekki fyrir á þeim tíma en skv. hnitsettri afmörkun, sem nú liggur fyrir, þá mælist lóðin 1.555 fm.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við framlagða merkjalýsingu og að hún verði samþykkt á grundvelli reglugerða um merki fasteigna nr. 160/2024.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða merkjalýsingu á grundvelli reglugerða um merki fasteigna nr. 160/2024.*

##### **Mál nr. 22. Kópsvatn 2: Breytt skilgreining námu E8; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Með breytingunni verður efnistökusvæðið E28 á Kópsvatni stækkað úr 1,5 ha í um 24 ha. Svæðið sem um ræðir er í gildandi skipulagi landbúnaðarland. Heimilt verður að vinna allt að 300.000m<sup>3</sup> af efni. Mikil þörf er fyrir góðar efnisnámur í Uppsveitum Árnassýslu vegna byggingar íbúða og gatnagerðar, einkum á Flúðum og í Reykholti.

*[Handwritten signatures and initials in blue ink, including a signature that appears to be 'Bj' and another 'AG']*

Náman er með framkvæmdaleyfi fyrir vinnslu á 50.000 m<sup>3</sup> af efni. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður send fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

3. **Fundargerð 286. fundar skipulagsnefndar frá 28. ágúst 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. ágúst sl.**

Lögð fram fundargerð 286. fundar skipulagsnefndar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. ágúst sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 15. Hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum: Neðri-Hveradalir reitur 10; Bílastæði og þjónustuhús; Endurskoðað deiliskipulag.**

Lögð er fram tillaga sem tekur til deiliskipulags fyrir Neðri-Hveradali í Kerlingarfjöllum. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarheimildum fyrir þjónustuhús og bílastæði við Neðri-Hveradali. Ákveðið var að vinna nýtt deiliskipulag í stað þess að vinna breytingu á gildandi skipulagi svæðisins. Það felur í sér að við gildistöku nýs deiliskipulags fyrir reit 10, þá verður sama svæði fellt úr gildi í deiliskipulagi frá 2014 með óverulegri breytingu sem tekur gildi samhliða framlagðri deiliskipulagstillögu. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að byggja allt að 20 m<sup>2</sup> þjónustuhús með salernum. Heimilt er að vera með palla umhverfis húsið og aðstöðu fyrir gesti til að setjast niður, njóta útsýnis og borða nesti. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi bílastæða geti verið allt að 84. Tillagan var áður samþykkt í sveitarstjórn eftir auglýsingu þann 18.4.2024. Þar sem meira en ár er liðið frá því að athugasemdafresti við tillöguna lauk er hún tekin fyrir að nýju.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

**Mál nr. 16. Birkihlíð 17-21: Lóð fyrir hreinsistöð breytt í raðhús; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Birkihlíðar 17 innan deiliskipulags Grafar og Laxárhlíðar, reitur M2 eftir grenndarkynningu. Breytingin tekur til íbúðarlóðar við Birkihlíð 17-21 þar sem gert er ráð fyrir hreinsistöð í gildandi deiliskipulagi. Tildrög breytingarinnar eru þau að ákveðið hefur verið að flytja hreinsistöðina út fyrir deiliskipulagsreitinn og við það verður til svæði sem hentar vel fyrir íbúðarlóð, með það fyrir augum að nýta byggingarland sveitarfélagsins sem best. Aðkoma að lóð nr. 17-21 verður frá Birkihlíð og er lagt til að nýtt endahús verði raðhús á einni hæð með sambærilegum skilmálum og gildir fyrir önnur hús í hverfinu, en án bílskúra. Athugasemd barst við kynningu tillögunnar og er hún lögð fram við afgreiðslu hennar ásamt samantekt viðbragða. Að mati skipulagsnefndar UTU er athugasemdum sem bárust svarað með fullnægjandi hætti innan framlagðrar samantektar athugasemda. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að tillagan verði samþykkt eftir grenndarkynningu og að deiliskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samantekt andsvara verði send þeim sem athugasemdir gerðu við breytingartillöguna.

BV  
AGJ  
JB  
HA

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna eftir grenndarkynningu og að deiliskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samantekt andsvara verði send þeim sem athugasemdir gerðu við breytingartillöguna.

**Mál nr. 17. Birkihlíð 12-16 Flúðum: Reitur M2; Breyting byggingaskilmála; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram beiðni um breytingu á gildandi deiliskipulagi á reit M2 á miðsvæði Flúða, sem tekur til lóðarinnar að Birkihlíð 12-16. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja á lóðinni fjölbýlishús á tveimur hæðum með allt að 8 íbúðum, af húsgerðinni F-2H skv. byggingarskilmálum í gildandi deiliskipulagi, í stað 4-6 íbúða eins og núverandi skipulagsskilmálar kveða á um. Nefndin vísar málinu til umræðu og afgreiðslu í sveitarstjórn Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn telur sér ekki fært að verða við beiðni lóðarhafa og hafnar því erindinu samhljóða. Þegar hefur íbúðum verið fjölgað í húsinu með deiliskipulagsbreytingu og eftir það var lóðinni úthlutað. Sveitarstjórn telur ekki rétt að fjölgað verði íbúðum á lóðinni enda væri það í andstöðu við stefnu sveitarstjórnar um að við lóðaúthlutun liggi þær upplýsingar fyrir sem væntir lóðarhafar geti gengið að sem vísun.

**Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. ágúst sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. ágúst sl.

**4. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 113. fundar stjórnar frá 28. ágúst 2024.**

Lögð fram fundargerð 113. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Sveitarstjórn stendur heilshugar á bakvið þá afstöðu fulltrúa Hrunamannahrepps í nefndinni um að óska eftir þeirri breytingu að hverju sveitarfélagi verði heimilt að starfrækja sína eigin skipulagsnefnd. Sveitarstjórn vill á sama tíma geta þess að ánægja ríkir með starfsemi UTU á Laugarvatni og því mikilvægt að hægt sé að standa saman að þeirri góðu starfsemi sem fram fer á Laugarvatni á sviði skipulags- og byggingamála.

**5. Fundargerð 1. fundar vinnuhóps vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnassýslu frá 29.11.2023.**

Lögð fram fundargerð 1. fundar vinnuhóps vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**6. Fundargerð 2. fundar vinnuhóps vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnassýslu frá 23.01.2024.**

Lögð fram fundargerð 2. fundar vinnuhóps vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**7. Fundargerð Fjölmenningsarsamfélag í Uppsveitum Árnassýslu frá 29. apríl 2024.**

Lögð fram fundargerð Fjölmenningsarsamfélaga í Uppsveitum Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

B ✓  
AGJ  
JB  
NA

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

8. **SASS: Fundargerð 612. fundar stjórnar frá 22. ágúst sl.**  
**-Ásamt erindi varðandi ársþing SASS.**

Lögð fram fundargerð 612. fundar SASS ásamt erindi varðandi ársþing SASS.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar en fulltrúar Hrunamannahrepps á ársþingi SASS í Hveragerði eru Jón, Bjarney og Alexandra. Sveitarstjóri er einnig kjörgengur á fundinum. Aðrir kjörnir fulltrúar hafa einnig heimild til setu sem áheyrnarfulltrúar.*

9. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 237. fundar frá 20. ágúst sl.**  
Lögð fram fundargerð 237. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

10. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 75. stjórnarfundar frá 12. ágúst sl.**  
Lögð fram fundargerð 75. stjórnarfundar Bergrisans bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

11. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 15. stjórnarfundar frá 12. ágúst sl.**  
Lögð fram fundargerð 15. stjórnarfundar Arnardrangs hses.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

12. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 12. fundar stjórnar frá 26. ágúst sl.**  
Lögð fram fundargerð 12. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

13. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, rekstrarleyfi.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Ferðapjónustunnar Kots ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – D Gistiskáli, að Unnarholtskoti 3, 846 Flúðum.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.*

14. **Bréf frá Fræðslu- og almenningssviði ÍSÍ, ódagssett.**

Lagt fram bréf frá Fræðslu- og almenningssviði ÍSÍ þar sem tilkynnt er að sveitarfélagið hafi hlotið kr. 500.000,- styrk vegna íþróttaviku Evrópu.

*Sveitarstjórn þakkar kærlega góðan styrk í verkefnið sem nýttur verður til að standa straum af kostnaði við Heilsuviku Hrunamannahrepps sem haldin verður dagana 16.–22. september n.k. Umsjón með heilsuvikunni hefur Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd sem er þessa dagana að leggja lokahönd á fjölbreytta dagskrárliði vikunnar.*

15. **Bréf frá Kvennaathvarfinu frá 3. september 2024.**

Lagt fram bréf frá Kvennaathvarfinu þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2025.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja starfsemi Kvennaathvarfsins með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár og vísar erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025.*

16. **Bréf frá Hrunaprestakalli frá 16. ágúst 2024.**

Lagt fram bréf frá Hrunaprestkalli þar sem óskað er eftir styrk vegna æskulýðsstarfs í Hrunaprestkalli. Öllum nemendum í 8. bekk Flúðaskóla (óháð því hvort þau fermast eða ekki) verður boðið í menningar-, skemmti og fræðsluferðir.

BV  
ARG  
JB  
AA

Fyrri ferðin verður farin í Vatnaskóg í lok október þar sem gist verður í tvær nætur og seinni ferðin í Skálholt í mars. Óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu að upphæð 10.000 kr. á hvert barn.

*Sveitarstjórn fagnar því öfluga og metnaðarfulla starfi sem fram fer á vegum safnaðarins og samþykkir að styrkja börnin okkar til þátttöku í æskulýðsstarfi Hrunaprestakalls.*

**17. Húsaleigusamningur um leigu á húsnæði fyrir heilsugæslu í Uppsveitum.**  
Lagður fram húsaleigusamningur með fylgigögnum um leigu á húsnæði að Hrunamannavegi 3 fyrir heilsugæslu Uppsveita Árnassýslu.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Sveitarstjórn samþykkir einnig að innréttung heilsugæslunnar verði boðin út á grundvelli útboðsgagna sem unnin hafa verið af Eflu ehf. Í samningnum kemur fram að miðað sé við að hið leigða verði afhent eigi síðar en 31. ágúst 2025.*

**18. Minnisblað sveitarstjóra varðandi gatnagerðargjöld Högnastígs frá 3. sept. 2024.**

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi gatnagerðargjöld Högnastígs en aðalmeðferð í máli íbúa sem kært hafa álagningu gatnagerðargjaldanna fer fram í næstu viku. Lögmaður íbúa hefur boðið sættir í málinu sem felast í að sveitarfélagið endurgreiði íbúum 11 m.kr. gegn því að fallið verði frá öllum frekari kröfum í málinu.

*Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir að ljúka þessu máli með sátt og því komi ekki til frekari málaferla vegna þessa máls.*

*Daði Geir Samúelsson, greiðir atkvæði gegn með eftirfarandi bókun:*

*Ég get ekki samþykkt að gerð verði sátt við þessa aðila og vil ítreka fyrri afstöðu sveitarstjórnar um að málinu skuli haldið áfram fyrir dómstólum og þannig leitast við að fá endanlega niðurstöðu í málinu. Ávallt skal haldið til haga að íbúar sem þá bjuggu í götunni fóru sjálfir fram á það að farið yrði í þessa gatnagerð og aðrir sem síðar keyptu þar húsnæði með ákvæðum um gjaldið í kaupsamningi vissu vel að hverju þeir gengu. Allir þeir sem nú ganga á bak orða sinna og þess samkomulags sem gert var sýna nú með öllu ólíðandi framkomu gagnvart samfélaginu, vegna lítills háttar formgalla við upphaf málsins.*

*Meirihluti sveitarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun:*

*Við getum tekið undir þau atriði og sjónarmið sem fram koma í bókun Daða en teljum eftir sem áður og eftir gaumgæfilega skoðun máls að hagsmunum sveitarfélagsins og samfélagsins alls sé betur borgið með því að ljúka þessu langdregna máli fyrir fullt og allt og þannig að ekki hljóti frekari kostnaður af fyrir sveitarsjóð.*

**Mál til kynningar:**

**19. Grenjavinnsla 2024**

Lagt fram til kynningar.

**20. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 23. ágúst 2024.**

Lagt fram til kynningar.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:28.*

*Þóruney Vignisdóttir*

*Alexandra Rós Jóhannesdóttir*

*[Handwritten signature]*